

## GJALDSKRÁ

### kaldavatnsveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

#### 1. gr.

- a. Vatnsskattur eigna í fasteignaskattflokk A, lögbýli/íbúðarhús, verði 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 50.000 á hverja eign/hús.
- b. Vatnsskattur eigna í fasteignaskattflokk A í skipulagðri frístundabyggð verði 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 65.000 en lágmarksálagning verði kr. 25.000.
- c. Vatnsskattur eigna í fasteignaskattflokk C verði 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 170.000 á hverja eign/hús.
- d. Tengigjöld vatnsveitu (stofngjöld) fyrir íbúðarhús eru kr. 480.965. Húseigandi sér um lagnir að lóðarmörkum og tengingu heimæðar í húsi. Miðað er við að heimtaug í íbúðarhús sé 32 mm. Starfsmenn veitunnar tengja lagnir þegar skrifleg staðfesting frá húseiganda liggur fyrir um að tengja megi heimæð við veitukerfi.
- e. Tengigjöld vatnsveitu fyrir frístundahús eru kr. 480.965. Miðað er við að heimtaug í frístundahús sé 20 mm. Velji menn 25 mm heimtaug tvöfaldast tengigjaldið og semja verður sérstaklega um sverari heimtaugar. Húseigandi sér um lagnir að lóðarmörkum og tengingu heimæðar í húsi. Starfsmenn veitunnar tengja svo lagnir þegar skrifleg staðfesting frá húseiganda liggur fyrir um að tengja megi heimæð við veitukerfi.
- f. Tengigjöld fyrir lögbýli að meðtöldu einu íbúðarhúsi verða að lágmarki kr. 714.385 en miðað er við allt að 200 m heimæð. Reikna þarf umframkostnað í hverju tilviki fyrir sig en landeigandi greiðir þann viðbótarkostnað sem hlýst af tengingu veitu að býli. Miðað er við að heimtaug sé 32 mm og semja verður sérstaklega um sverari heimtaugar.
- g. Á þeim lóðum sem ekki hefur verið byggt á en hafa tengst vatni er innheimt fast árgjald kr. 25.000.
- h. Fyrir nýskipulagða frístundabyggð sem tengjast skal vatnsveitu sveitarfélagsins skal landeigandi greiða kr. 45.000 fyrir hverja lóð á skipulagi fyrir lagningu stofnlagnar.

#### 2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps skv. 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, þann 20. nóvember 2019, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um breytingu á gjaldskrá kaldavatnsveitu Grímsnes- og Grafningshrepps nr. 1089/2017.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 29. nóvember 2019.*

**Ingibjörg Harðardóttir** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2019